

# Botnlangataka hjá barni

Botnlangabólga er oftast meðhöndluð með skurðaðgerð, í flestum tilfellum er botnlanginn fjarlægður með kviðsjáraðgerð, þar sem gerð eru 3 lítil göt í kviðarvegginn, eða með hefðbundinni skurðaðgerð, þar sem gerður er lítil skurður hægra megin, rétt fyrir neðan nafla. Skurðum er oftast lokað með saumum sem eyðast.

## Verkir

Búast má við að barn finni fyrir verkjum á skurðsvæði fyrstu dagana eftir aðgerð. Þegar aðgerð er gerð með kviðsjá er lofti dælt í kviðarhol. Við það getur komið fram erting á þind sem veldur verkjum upp í axlir sem hverfa innan fárra daga.

Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir seinka bata. Taka skal verkjalyf samkvæmt ráðleggingum reglulega yfir daginn. Mælt er með Paracetamol á 5-6 klst. fresti.

Ef það slær ekki á verkinn má prófa Íbúfen á 6-8 klst. fresti. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir áður en verkjalyfin eru tekin. Auðveldara er að fyrirbyggja verki en að ná stjórn á þeim ef þeir verða slæmir. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

## Skurðsár

Fara má í sturtu fyrstu tvo dagana eftir aðgerð með vatnsheldar umbúðir yfir skurðsárum. Á þriðja degi eftir aðgerð má fara í sturtu án umbúða en umbúðir er hafðar á skurðsárum þess á milli fyrstu vikuna.

Litlu plástrana (steristrip) skal hafa óhreyfða í viku. Ekki má nota sápu á aðgerðarsvæðið og forðast ber að nudda sárin og alla óþarfa snertingu við skurðsárið. Bað og sund er leyfilegt tveim vikum eftir aðgerð.

Hafi verið lagt dren hjá barninu þarf að skipta daglega á umbúðum yfir drengati. Einnig er gott að skola með vatni í drengatið. Umbúðir má fjarlægja 3-5 dögum eftir að dren var tekið.


## Matur og drykkur

Borða má allan venjulegan mat og drekka vel til að forðast hægðatregðu.

Hætta er á óþægindum í kvið, jafnvel niðurgang eða hægðatregðu og vindverkjum fyrstu dagana eftir aðgerð. Það jafnar sig yfirleitt á nokkrum dögum.

## Hreyfing

Eðlilegt er að barnið finni fyrir þreytu og slappleika eftir aðgerðina. Það þarf að hafa hægt um sig í 2 vikur eftir aðgerð og á þeim tíma má barnið ekki stunda íþróttir og sund, né lyfta þungu. Skólavist er leyfileg þegar barnið treystir sér til.



Verkjalyf: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Sýklalyf: \_\_\_\_\_

Eftirlit: \_\_\_\_\_

Hafa skal samband við bráðamóttöku barna næstu tvær vikurnar eftir útskrift ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Líkamshiti er hærra en 38,5°C
- Roði, bólga eða gröftur sést við skurðsár
- Ógleði eða uppköst og barnið nær ekki að nærast

Hringt er í skiptiborð Landspítala, 543 1000 og beðið um samband við bráðamóttöku barna.

Með ósk um góðan bata!  
Starfsfólk Barnaspítala Hringins.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.